

Nd. **239. Frumvarp til laga** [223. mál]

um breyting á lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lögreglumenn ríkisins, sbr. 1. mgr., mega hvorki gera verkföll né taka þátt í verkfallsboðun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu í framhaldi af umfjöllun fulltrúa þess og fjármálaráðuneytisins um efni þess og tilefni við fulltrúa þeirra stéttarfélaga sem það hefur áhrif á, þ.e. Landssambands lögreglumanna og Tollvarðafélags Íslands.

Sérhverju fullvalda ríki ber nauðsyn til og er skylt að tryggja að ávallt sé unnt að halda uppi lögum og reglu.

Í þeim lögum, sem nú gilda um samningsrétt BSRB en ofangreind stéttarfélög eru innan vébanda þess, er heimild til verkfalla takmörkuð, m.a. með því að þrátt fyrir verkfall skuli haldið uppi nauðsynlegri öryggisgæslu. Á grundvelli þess ákvæðis var lögreglumönnum gert skylt að starfa að flestum verkefnum sínum í þeim tveimur verkföllum sem BSRB hefur boðað til. Þessar ákvarðanir, sem teknar voru lögum samkvæmt af kjaradeildunefnd, voru teknar án ágreinings í nefndinni en í henni sitja fulltrúar kosnir af Alþingi og tilnefndir af Hæstarétti og málsaðilum, þ.e. fjármálaráðuneytinu og BSRB.

Í síðasta verkfalli BSRB var og verulegum hluta tollvarða gert skylt að gegna störfum að meira eða minna leyti.

Verkfallsheimild hefur því í reynd ekki nema að mjög takmörkuðu leyti verið til staðar fyrir lögreglumenn ríkisins. Þrátt fyrir það hafa ýmis verkefni orðið tilefni til ágreinings í verkföllum milli yfirstjórnar lögreglu, einstakra lögreglumanna og Landssambands lögreglumanna.

Í viðræðum við BSRB um kjarasamninga á s.l. vetri kom að nýju fram tillaga frá BSRB þess efnis að færa allt samningsumboð og verkfallsrétt í hendur einstakra stéttarfélaga í stað BSRB. Var af hálfu ríkisins tekið undir þessa tillögu BSRB á þeim grundvelli m.a. að hliðstæðar takmarkanir yrðu gerðar á verkfallsrétti og nú eru í reynd, svo sem varðandi lögreglumenn o.fl.

Með hliðsjón af tillögum þeim, sem lágu fyrir af hálfu BSRB og fjármálaráðuneytisins um að færa samningsrétt frá bandalaginu til einstakra félaga, voru samningsréttarmálin tekin til umfjöllunar í tengslum við gerð sérkjarasamninga við Landssamband lögreglumanna s.l. vor.

Í þeim viðræðum kom í ljós að aðilar voru sammála um það grundvallaratriði í máli þessu að ekki væri rétt að löggæslu og réttarvernd yrði stefnt í tvísýnu með því að gera hana að átakaefni í kjaramálum og bæri aðilum að finna aðra leið en verkföll til að útkljá slík mál.

Er viðræðum um sérkjarasamninga lauk 18. júlí s.l. gerðu samningsaðilar sérstaka bókun um samningsréttarmál er fylgdi samningunum. Í bókun þessari segir svo: „Aðilar eru sammála um að verkfallsréttur lögreglumanna skuli afdnuminn. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því á Alþingi, að í lögum um lögreglumenn nr. 56/1972 komi ákvæði er banni verkföll lögreglumanna ríkisins . . .“ Í bókuninni er jafnframt yfirlýsing um að stefnt verði að breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna á þann veg að náist ekki samningar milli aðila verði deilan útkljáð með slíkum hætti að lögreglumönnum verði tryggð sama meðalhækkun launa og bandalög opinberra starfsmanna fá á hverjum tíma.

Sérkjarasamningur þessi með framangreindri bókun var ítarlega kynntur félögum í Landssambandi lögreglumanna og lagður undir dóm þeirra í allsherjaratkvæðagreiðslu. Var hann samþykktur með verulegum meiri hluta atkvæða.

Samkvæmt 4. gr. laga um lögreglumenn teljast skipshafnir varðskipanna og tollverðir til lögreglumanna ríkisins, sbr. og 4. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59/1969. Þar sem starfsmönnum Landhelgisgæslunnar er skv. 7. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967, ekki heimilt að gera verkfall er ekki um að ræða breytingu með tilliti til þeirra.

Staða tollvarða með tilliti til verkfalls var hins vegar áþekkt stöðu lögreglumanna og var því í framhaldi af samningnum við Landssamband lögreglumanna rætt við Tollvarðafélag

Íslands um sanningsréttarmál. Lauk þeim viðræðum með samkomulagi 15. september 1986 þar sem segir m.a.: „Aðilar eru sammála um að fyrirhuguð breyting á lögum um lögreglumenn er banni verkföll þeirra nái til tollvarða með sama hætti og til annarra lögreglumanna ríkisins . . .“ Í samkomulaginu eru og ákvæði um hvernig leyst verði úr kjaraágreiningi náist samningar ekki. Er það með svipuðum hætti og í samkomulaginu við lögreglumenn.

Samkomulag þetta var lagt fyrir tollverði í allsherjaratkvæðagreiðslu og hlaut samþykki yfirgnæfandi meiri hluta félagsmanna.

Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru í endurskoðun í samvinnu við bandalög opinberra starfsmanna og á þeim grundvelli að sanningsréttur verði færður í hendur einstakra stéttarféлага í stað heildarsamtaka þeirra.

Fyrir liggur samkomulag við þau tvö stéttarfélög, er frumvarp þetta varðar, um efni þess og eru stjórnvöld og þeir aðilar sammála um að hinn mikilsverði og viðkvæmi starfsvettvangur þeirra verði ekki gerður að ágreiningsefni eða dreginn inn í verkfallsátök heldur aðrar leiðir farnar til úrlausnar á hugsanlegum kjaradeilum.